

Velferðarnefnd Alþingis
Smiðju
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 2. febrúar 2026
Mál nr. 2601103 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.), 312. mál.

Á 1269. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 2. febrúar 2026 var umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.) tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Í frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting á atvinnuleysisbótakerfinu að bótatími er stytur úr 30 mánuðum í 18 mánuði. Byggðarráð lýsir yfir áhyggjum af áhrifum fyrirhugaðrar breytingar á fjárhag sveitarfélaga þar sem einsýnt er að aðilar sem verða fyrir langtímaatvinnuleysi þurfi fyrir en ella að leita aðstoðar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Ekki er hægt að sjá á frumvarpinu að mat hafi verið gert á áhrifum breytingarinnar á fjárhag sveitarfélaga. Þvert á móti er tilgreint í 40. gr. frumvarpsins að ráðherra skuli fyrir 31. desember 2027 leggja mat á hvaða áhrif breytingin hefur haft á fjárhag þeirra. Því er gert ráð fyrir að sveitarfélög beri þann kostnað sem kann að falla til vegna breytingarinnar í tvö ár. Í frumvarpinu er heldur ekki tilgreint með hvaða hætti hugsanlegum kostnaðarauka verði þá mætt. Að mati byggðarráðs eru slík vinnubrögð ámælisverð og ekki í samræmi við þá áherslu sveitarfélaga um að meta í öllum tilfellum áhrif lagasetningar á sveitarfélögin í landinu. Slíkt mat þarf að fara fram áður en lögum er breytt og skýra þarf hvernig hið opinbera hyggst bæta sveitarfélögum upp þann kostnaðarauka sem breytingin kann að valda. Hér er því verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin sem ríkið bærir ella. Byggðarráð leggst því gegn því að frumvarpið nái fram að ganga í óbreyttri mynd.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við velferðarnefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,




Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.